

Reglur um íþrótt- og frístundastyrki Hvalfjarðarsveit

1. gr. Markmið

Hvalfjarðarsveit veitir börnum og ungmennum í sveitarfélaginu íþrótt- og frístundastyrki til að styðja við þátttöku þeirra í íþrótt- og frístundastarfi. Markmið styrkjanna er að stuðla að virkni, félagslegri þátttöku og heilbrigðum lífsstíl barna og ungmenna, auk þess að mæta kostnaði vegna æfinga, þátttöku og keppni.

2. gr. Réttur til styrks

Rétt til styrks samkvæmt reglum þessum eiga börn og ungmennti með lögheimili í Hvalfjarðarsveit, allt að 18 ára aldri.

3. gr. Tímabil styrkveitinga

Styrkir samkvæmt reglum þessum miðast við almanaksárið.

4. gr. Frístundastyrkur

Hvalfjarðarsveit veitir hverju barni og ungmennti frístundastyrk að fjárhæð **80.000 kr. á ári** vegna íþrótt- og frístundaiðkunar.

5. gr. Styrkur vegna keppnisferða erlendis

Hvalfjarðarsveit veitir íþrótt- og frístundaiðkendum styrk vegna **keppnisferða erlendis** að fjárhæð **30.000 kr. á ári**.

6. gr. Styrkur vegna æfingaferða erlendis

Hvalfjarðarsveit veitir íþrótt- og frístundaiðkendum styrk vegna **æfingaferða erlendis** að fjárhæð **30.000 kr. á ári**.

7. gr. Sérstakur styrkur vegna tekjulágra heimila

Veittur er sérstakur íþrótt- og frístundastyrkur til barna og ungmennta á tekjulágum heimilum að fjárhæð **30.000 kr. á ári**, til viðbótar við frístundastyrk samkvæmt 4. gr.

Tekjulág heimili teljast þau þar sem heildartekjur framfæranda, hjóna eða sambúðarfólks fyrir skatt eru:

- að hámarki **436.789 kr. á mánuði** hjá einstæðu foreldri
 - að hámarki **713.260 kr. á mánuði** hjá hjónum eða sambúðarfólki
- Fjárhæðir miðast við launavísitölu og breytast árlega í samræmi við hana.

8. gr. Fjöldi styrkveitinga

- Styrkveitingar samkvæmt **4. gr.** eru ekki háðar fjölda umsókna á einstakling á ári, að hámarksfjárhæð sé virt.
- Styrkveitingar samkvæmt **5. og 6. gr.** eru veittar einu sinni á ári á hvern einstakling.
- Styrkveitingar samkvæmt **7. gr.** eru veittar þegar styrkveitingar samkvæmt **4. gr.** hafa náð hámarksfjárhæð.

9. gr. Umsóknir og afgreiðsla

Við skráningu barna í gegnum Abler er hægt að ráðstafa frístundaframlaginu og skipta því á milli íþróttafélaga

Umsóknir um styrki skulu berast velferðar- og fræðsludeild Hvalfjarðarsveitar og skulu fylgja viðeigandi kvittanir og staðfestingar.

Með umsóknum samkvæmt **5. og 6. gr.** skulu jafnframt fylgja:

- Dagskrá æfinga eða keppni
- Staðfesting á þátttöku

Með umsóknum samkvæmt **7. gr.** skal fylgja staðgreiðsluskrá frá Ríkisskattstjóra sem sýnir heildartekjur. Starfsmaður á velferðar- og fræðsludeild fer yfir umsóknir og afgreiðir þær.

10. gr. Álitamál

Velferðar- og fræðsludeild Hvalfjarðarsveitar úrskurðar í álitamálum sem kunna að rísa við framkvæmd reglna þessara.

11. gr. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 11.02.2026.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 11.02.2026

Samþykkt af Velferðar- og fræðsludeild Hvalfjarðarsveitar 05.02.2026